



UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

# STUÐNINGUR VIÐ INNLEIÐINGU INSPIRE TILSKIPUNARINNAR Á ÍSLANDI

LANDFRÆÐILEG GÖGN RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA VERÐI OPNUÐ

VERKEFNI UNDIR STEFNU RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA UM UPPLÝSINGASAMFÉLAGIÐ 2013-2016  
VÖXTUR Í KRAFTI NETSINS - BYGGJUM, TENGJUM OG TÖKUM ÞÁTT



## INSPIRE

Grunngerð Landupplýsinga í Evrópu

*Infrastructure for Spatial Information in Europe*

## 1.3-Örnefni

<b>Höfundur:</b>	Ragnar Þórðarson
<b>Dagsetning:</b>	21.11.2014
<b>Lýsing INSPIRE:</b>	Heiti svæða, landsvæða, staða, borga, úthverfa, bæja eða byggða eða einhvers konar landfræðilegrar eða staðfræðilegrar fitja sem hafa opinbert eða sögulegt gildi.
<b>Þátttakendur:</b>	Tengiliðir stofnana í vinnuhóp 1.3-Örnefni
<b>Tilvísanir í lög:</b>	Lög nr. 44/2011 um grunngerð fyrir starfrænar landupplýsingar. Reglugerð nr. 390/2012 um lýsigögn fyrir stafrænar landupplýsingar. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB um notkun og miðlun landupplýsinga Lög nr. 103/2006 um landmælingar og grunnkortagerð
<b>Unnið fyrir:</b>	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
<b>Málsnúmer:</b>	UMH14010077



## EFNISYFIRLIT

---

---

1 Ágrip - Örnefni.....	I
2 Verkefnið .....	II
2.1 Forsaga.....	II
2.2 Tilgangur .....	III
2.3 Markmið .....	III
2.4 Aðferðir.....	III
3 Þemað 1.3 Örnefni .....	- 1 -
3.1 Skilgreining.....	- 1 -
3.2 Óformleg lýsing.....	- 1 -
3.3 Kröfur og tillögur - Samantekt .....	- 1 -
3.3.1 Gagnasett .....	- 1 -
4 Vinnuhópur .....	- 2 -
4.1 Tengiliðir .....	- 2 -
4.2 Samskipti.....	- 2 -
4.3 Gögn tengiliða.....	- 2 -
4.3.1 Landmælingar Íslands.....	- 2 -
4.3.2 Orkustofnun .....	- 3 -
4.3.3 Veðurstofa Íslands.....	- 3 -
4.3.4 Hafrannsóknarstofnun .....	- 3 -
4.3.5 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum .....	- 3 -
4.4 Valin gögn .....	- 3 -
4.5 Gagnakortlagning.....	- 4 -
4.5.1 Töflur gagnakortlagningar .....	- 4 -
5 Niðurstöður .....	- 5 -
5.1 Núverandi staða.....	- 5 -
5.2 Næstu skref.....	- 5 -
5.3 Afurð .....	- 5 -
6 Umræða .....	- 6 -
7 Aðgerðarpunktur .....	- 7 -
8 Viðaukar .....	A
VIÐAUKI A: Gagnakortlagningar Stofnana .....	A



# 1 ÁGRIP - ÖRNEFNI

---

Þemað 1.3 Örnefni er víðtækur flokkur sem tekur ekki aðeins til þess sem að öllu jöfnu eru nefnd örnefni á Íslandi heldur allra landfræðilegra fyrirbæra sem kunna að bera nafn. Sá eiginleiki þemaðs er þó einkum ætlaður til skráningar á nöfnum og upplýsingum um þau innan annarra þema.

Tengiliðir voru kallaðir til frá Hafrannsóknastofnun, Orkustofnun, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (hér eftir Árnastofnun), Veðurstofu Íslands og Þjóðgarðsins á Þingvöllum auk þess sem verkefnisstjóri var fulltrúi Landmælinga Íslands (hér eftir LMÍ). Ákveðið var að þar sem Árnastofnun er ekki með landfræðileg gögn um örnefni væri ekki þörf á frekari aðkomu þeirrar stofnunar. Stofnuninni yrði hins vegar haldið inni í málinu til upplýsinga.

Allir tengiliðir, fyrir utan LMÍ, voru á þeirri skoðun að þeirra stofnanir hefðu ekki það verkefni að halda uppi grunnnum með örnefnum og að þeirra grunnar eða söfn myndu verða flutt eða afrituð til LMÍ áður en langt um liði. Sú ákvörðun var því tekin í samráði við tengiliðina að kortleggja ekki aðra grunna en þann sem LMÍ halda úti í samstarfi við Árnastofnun.

Örnefnagrunnur LMÍ er í stöðugri þróun þar sem markmiðið er að auðvelda skráningu í hann og úrvinnslu til birtingar. Gagnauppsetning INSPIRE þemans 1.3 Örnefni hefur upp á margt að bjóða sem mætti taka upp í örnefnagrunni LMÍ og má helst nefna þann eiginleika að geta skráð mörg örnefni á hverja landfræðilega fitju, en núverandi grunnur býður upp á tvö nöfn. Ákveðið var hjá LMÍ að þróa örnefnagrunninn í átt að gagnaskema þessa þema. Aðeins þessi grunnur verður kortlagður að INSPIRE þemanu 1.3 Örnefni.

## 2 VERKEFNIÐ

### 2.1 FORSAGA

Tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2007/2/EB um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (hér eftir INSPIRE) tók gildi 14. mars 2007. Í gegnum EFTA var þessi tilskipun tekin upp á Íslandi og með lögum nr. 44/2011 um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar, reglugerð nr. 390/2012 um lýsigögn fyrir stafrænar landupplýsingar og reglugerð nr. 414/2014 um stafrænar landupplýsingar var INSPIRE tilskipunin innleidd á Íslandi. Vegna upptöku tilskipunarinnar í gegnum EFTA hefur Ísland þriggja ára frest á allar tímasetningar tilskipunarinnar varðandi innleiðingu og framkvæmd.

Verkefnið er unnið á forsendum laganna nr. 44/2011 og er markmið þeirra að byggja upp og viðhalda aðgengi að stafrænum landupplýsingum á vegum opinberra aðila. Samkvæmt lögnum er grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar „Tækni, stefnur, staðlar og mannauður sem þarf til að afla stafrænna landupplýsinga, vinna úr þeim, varðveita, miðla og auðvelda notkun þeirra.“

Grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar byggir á nokkrum meginreglum INSPIRE:

- Gögnum skal einungis safnað einu sinni.
- Gögnum skal vera haldið við þar sem hægt er að gera það á sem hagkvæmastan hátt.
- Einfalt yfirlit sé til yfir hvaða gögn og þjónusta er í boði (lýsigögn).
- Gögn ætti að nota frá upprunastað sínum.
- Tryggt verði að hægt sé að nota gögn frá mörgum eigendum í mismunandi samhengi

Til að uppfylla tilskipunina þarf að standa skil á nokkrum verkþáttum, svo sem skráningu lýsigagna og aðgengi að gögnum, innan ákveðins tímaramma. Til að Ísland nái settum markmiðum þótti nauðsynlegt að setja af stað sérstakt verkefni með það að markmiði að kortleggja hvar og hvernig þau gögn eru geymd sem INSPIRE tilskipunin kveður á um. Verkefnið byggir á að verkefnisstjóri hjá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu setji á fót vinnuhópa í kringum þemu INSPIRE úr viðauka I og II og vinni með tengiliðum þeirra opinberu aðila sem hafa viðkomandi gögn undir höndum. Í sameiningu kortleggi þeir gögnin, komi með tillögur um hvað má betur fara og skili á endanum skýrslum um ferla og niðurstöður. Þær skýrslur nýtast þegar kemur að skilum á gögnum Íslands sem INSPIRE kveður á um.



## 2.2 TILGANGUR

Grunngerð landupplýsinga á Íslandi á að stuðla að hagræðingu í rekstri landupplýsingakerfa stjórnvalda, stytta og skýra boðleiðir auk þess að samræma vinnubrögð. Minna ætti að vera um tvívinnslu eða –geymslu landupplýsinga meðal hins opinbera þar sem ljóst á að vera hvar ákveðin gögn eru unnin og geymd og hver fer með ábyrgð þeirra. INSPIRE tilskipunin, í gegnum lög nr. 44/2011, kveður á um að Íslenska ríkið geri stafrænar landupplýsingar opinberra aðila aðgengilegar almenningi skv. ákveðnu forsníði. Þar með er kominn hvati til að hagræða skipulagi opinberra landupplýsinga svo auðveldara sé að fella þau að kröfum INSPIRE og veita um leið almenningi greiðari aðgang að þeim. INSPIRE byggir á grunngerð landupplýsinga hvers lands og því hvetur það aðildarlönd í átt til betra skipulags og hagræðingar sem fylgir góðri grunngerð.

## 2.3 MARKMIÐ

Markmið þessa verkefnis er að finna hvar gögn opinberra aðila eru geymd, hvernig og hvort þau falli undir INSPIRE tilskipunina. Kortleggja (e. Schema mapping) gögnin að kröfum INSPIRE tilskipunarinnar og taka saman tillögur um hagræðingu á sviði landupplýsinga á Íslandi; hvort heldur með tilliti til verklags og verkefna eða laga og reglugerða.

## 2.4 AÐFERÐIR

Óskað er eftir tengiliðum frá stofnunum sem talið er að eigi eða fari með stafrænar landupplýsingar sem falla undir viðauka I og II INSPIRE tilskipunarinnar. Könnun frá 2012 um eign og stöðu stafrænna landupplýsinga hjá opinberum aðilum sem Landmælingar Íslands fengu Alta ehf. til að framkvæma um stöðu landupplýsinga hjá opinberum aðilum er notuð til hliðsjónar. Vinnuhópar voru stofnaðir um hvert þema viðaukanna. Hvert þema er tekið fyrir sem verkefni og fundað í upphafi með öllum tengiliðum viðkomandi vinnuhóps og heildarmynd fengin af stöðunni. Í framhaldinu fylla tengiliðirnir út í gagnakortlagningartöflu (e. Mapping table) með aðstoð verkefnisstjóra og skila tillögum að breytingum. Gagnakortlagningatöflurnar eru fengnar frá Joint Research Center (hér eftir JRC) sem er rannsóknarmiðstöð framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins. Skýrsla er svo unnin fyrir hvert þema þar sem niðurstöður um gagnaál liggja fyrir auk tillagna og aðgerðarpunkta um það sem þarf til að hagræða fyrirkomulagi innan þemans.

## 3 ÞEMAÐ 1.3 ÖRNEFNI

---

### 3.1 SKILGREINING

---

Heiti svæða, landsvæða, staða, borga, úthverfa, bæja eða byggða eða hvers konar landfræðilegar eða staðfræðilegar fitjur sem hafa opinbert eða sögulegt gildi.

### 3.2 ÓFORMLEG LÝSING

---

Skjal „D2.8.I.3 Data Specification on Geographical Names – Guidelines“ (hér eftir „leiðvísir“) sem notað er við skilgreiningu á því hvaða gögn opinberra aðila falla að INSPIRE tilskipuninni tekur til landfræðilegra nafna, þ.e. nafnorða sem notuð eru til að gefa náttúrulegum, manngerðum eða menningarlegum fyrirbærum í raunheiminum (e. Real-world entity) nafn. Leiðbeiningarnar eru unnar með hliðsjón af þeim rit- og tungumálafjöld sem ríkir í Evrópu: landfræðileg eining getur borið mörg heiti á einu eða mörgum tungumálum og hvert heiti getur átt fleiri en eina stafsetningu, t.d. á fleiri en einu stafrófi.

Af þessari ástæðu eru gögnin sem leiðarvísirinn leiðir af sér bundin við eina landfræðilega fitju fyrir hvern „nefndan stað“ (e. Named place), og heitin sem upplýsingar um nefnda staðinn. Í sama anda eru upplýsingarnar ekki um nefnda staðinn sjálfann heldur um örnefnið; stafsetningu, tungumál, stafróf o.þ.h.

Í sumum tilfellum er hægt að nota skráningaraðferðir þessa þema til skráningar heita í öðrum þemum. Oft er það þó raunin að heitin og hinar eiginlegu nefndu fitjur falla ekki fullkomlega saman, auk þess sem mörg fyrirbæri sem bera oftast en ekki örnefni; svo sem hæðir, eyjar og strandsvæði eru ekki flokkaðar sem landfræðilegar fitjur í öðrum þemum en falla innan þessa þema. Engu að síður er mælt til þess að þar sem við á, s.s. í vatnafari, sé heitum haldið á hinum eiginlegu landfræðilegu fitjum eftir þessum skráningarmáta, ellegar sé tryggt að heiti og landfræðilegar fitjur falli saman landfræðilega.

### 3.3 KRÖFUR OG TILLÖGUR - SAMANTEKT

---

Kröfur þessar og tillögur taka ekki til grunngerðar landupplýsinga á Íslandi eða gagna opinberra aðila beint. Þær ná til þess forsniðs sem skilgreind INSPIRE gögn Íslands verða aðgengileg á. Ekki þarf að laga frumgögnin eða frumgagnauppsetningu að þessum kröfum.

#### 3.3.1 GAGNASETT

---

Gagnasett með áherslu á örnefni skulu vera gerð aðgengileg skv. leiðbeiningum þemans 1.3 Örnefni.

Önnur gagnasett með upplýsingar um landfræðileg heiti geta einnig nýtt sér þessar leiðbeiningar. Sérstaklega er mælt með þessu í þeim aðildarlöndum þar sem ekki eru til sérstök gagnasett um örnefni eða þar sem önnur gagnasett vinna með örnefnagagnasetti. Í því síðarnefnda skal þess gætt að samræmi sé milli gagnasetta og fara út í aðgerðir til að fella saman gögnin (e. Integrate the data sources) þar sem þess er kostur.



Gagnasett sem sögð eru samkvæm þessu INSPIRE þema skulu uppfylla allar kröfur sem settar eru fram í skjali D2.8.I.3 Data Specification on Geographical Names – Guidelines.

Æskilegt er að landfræðilegar fitjur tengdar þemanu 1.3 Örnefni séu aðgengilegar með útrænum-einkvæmum auðkennum (external URI). Þá er átt við að „namespace“ sé útfyllt auk „local ID“ svo hægt sé að vísa í örnefnin milli þema.

## 4 VINNUHÓPUR

---

### 4.1 TENGILIÐIR

---

Í vinnuhópnum sátu Þorsteinn Sigurðsson fyrir Hafrannsóknarstofnun, Þorvaldur Bragason fyrir Orkustofnun, Ingvar Kristinsson fyrir Veðurstofuna, Einar Á. E. Sæmundsen fyrir Þjóðgarðinn á Þingvöllum. Einnig var boðaður Hallgrímur J. Ámundason fyrir Árnastofnun en við nánari athugun þótti ekki þörf á þáttöku Árnastofnunar þar eð hún er ekki með nein landfræðileg gögn tengd örnefnun. Landmælingar Íslands eru með örnefnagrunn í samvinnu við Árnastofnun og sat verkefnisstjórnin, Ragnar Þórðarson, fyrir hönd LMÍ.

### 4.2 SAMSKIPTI

---

Boðað var til ræsfundar þann 20. febrúar 2014 og mættu þar tengiliðir og sérfræðingar hverrar stofnunar. Farið var yfir verkefnið í heild og þemað tekið fyrir og skilgreining á hvernig gögn eigi að falla undir það. Á þeim fundi var þegar ljóst að allar stofnanir sem koma að þemanu höfðu hug á að koma afritum af sínum örnefnum til LMÍ. Í kjölfar fundarins fóru samskipti fram í tölvupósti og síma og var þá helst verið að óska eftir samantektum og tillögum.

Fundur var haldinn þann 13. nóvember með öllum starfsmönnum LMÍ sem koma með einhverju móti að örnefnagrunninum. Rætt var um þróun örnefnagrunnsins, kosti og galla INSPIRE gagnþemans og núverandi gagnaskema. Ákveðið var að stefnan skildi tekin í átt að gagnaskema INSPIRE þemans 1.3 Örnefni.

### 4.3 GÖGN TENGILIÐA

---

#### 4.3.1 LANDMÆLINGAR ÍSLANDS

---

Í samstarfi við Árnastofnun vinnur LMÍ að söfnun örnefna í landfræðilegan gagnagrunn. Til viðbótar við örnefnalýsingar Árnastofnunar eru áreiðanlegir heimildarmenn með skráningaraðgang í „Örnefnatólið“ svokallaða og skrá í gegnum það örnefni sem þeir safna m.a. sem verktakar fyrir félag eldri borgara. Einnig eru heimildarmenn sem fá staðkunnuga til að merkja örnefni inn á loftmyndir sem svo eru sendar til LMÍ ásamt lýsingum.

Grunnurinn er geymdur í Oracle gagnagrunni og eru ESRI lausnir notaðar til að vinna með grunninn. Örnefnin eru gefin út sem fitjuskrár og einnig birtar á vefþjónustum og þannig gerðar aðgengilegar almenningi.



---

#### 4.3.2 ORKUSTOFNUN

---

Við undirbúning útboða vegna leyfisveitinga fyrir rannsóknir og vinnslu á kolvetni á Drekasvæðinu, fór Orkustofnun út í mikla vinnu við samantekt gagna og skilgreiningar á svæðum. Hluti þeirrar vinnu var að fá Hauk Jóhannesson jarðfræðing til að koma með tillögur að nýjum örnefnum til viðbótar fyrir hafsvæði og hafsbótinn á ákveðnum hlutum landgrunnins einkum á og í námunda við Drekasvæðið, enda var þar lítið um örnefni fyrir. Nýju nöfnin á svæðinu eiga rætur í efni Völsungasögu, en gagnasettið geymir síðan einnig þekkt nöfn sem sjá má m.a. á sjókortum. Hægt er að skoða nöfnin í Landgrunnsvefsjá. Safnið er geymt á Excel-töfluformi með hnitum. Sjá samræmi við INSPIRE skema í viðauka A.

---

#### 4.3.3 VEÐURSTOFA ÍSLANDS

---

Örnefni sem Veðurstofa Íslands hefur útbúið og safnað í tengslum við mat á ofanflóðahættu víðs vegar um landið. Um er að ræða nokkur eyðibýli (punktapækja) og "Annotations" þekju en eigindadálkar hennar fylgja hefðbundnu ArcGIS sniði líkt og í IS 50V örnefnunum. Einn dálk er þó vert að minnast sérstaklega á en það er "AnnotationClassID". Hér er um að ræða heimatilbúna eigind og gildisóðal sem starfsmenn hafa notað til þess að velja þau örnefni sem hentugast er að sýna á korti hverju sinni. Örnefnin eru ætluð til birtingar í mælikvarðanum 1:5000 í samræmi við hættumatskort VÍ. Heimild fyrir örnefnum er því miður ekki skráð en í öllum tilvikum er um að ræða staðbundna þekkingu frá heimamönnum eða öðrum staðkunnugum. Starfsmenn Veðurstofunnar hafa ekki búið til nein örnefni sjálfir heldur haft þau eftir heimamönnum eins og áður sagði. Sjá samræmi við INSPIRE skema í viðauka A.

---

#### 4.3.4 HAFRANNSÓKNARSTOFNUN

---

Örnefnum á hafi sem safnað var inn í tilkynningarskyldureitakerfi til að staðsetja gróflega lýsingar sjómanna. Sum örnefnanna eru með nákvæmari staðsetningu. Geymt í Oracle gagnagrunni Hafrannsóknarstofnunar. Sjá samræmi við INSPIRE skema í viðauka A.

---

#### 4.3.5 ÞJÓÐGARÐURINN Á ÞINGVÖLLUM

---

Starfsmenn þjóðgarðsins hafa fært inn örnefni í landupplýsingapunktapækju. Grunnheimildin voru útprentaðar s/h loftmyndir sem sr. Heimir Steinsson prestur og þjóðgarðsvörður fékk Pétur J.Jóhannsson frá Skógarkoti til að merkja inn á örnefni. Þau örnefni eru öll skráð í grunninn en stefnt er að því að skrá inn allar örnefnalýsingar sem falla undir þjóðgarðinn. Verkefninu er ekki lokið en þegar að því kemur mun skráin send í örnefnagrunn LMÍ. Sjá samræmi við INSPIRE skema í viðauka A.

---

#### 4.4 VALIN GÖGN

---

Vegna stöðu LMÍ og verkefnis stofnunarinnar að halda utan um landfræðilegan örnefnagrunn í samstarfi við Árnastofnun þótti eðlilegast að sá grunnur skyldi notaður eingöngu sem INSPIRE gögn fyrir þetta þema. Þar að auki taldi engin önnur stofnun það sitt hlutverk að halda utan um örnefnagrunn eða vinna að söfnum örnefna.





## 4.5 GAGNAKORTLAGNING

Gagnakortlagning annarra stofnanna en LMÍ eru aðeins til upplýsingar um hvaða gögn flytjast til LMÍ

Gagnakortlagning er vinnuþýðing á enska hugtakinu „data mapping“ eða „schema mapping“. Afurð og verkfæri gagnakortlagningar er gagnakortlagningartafla sem er þýðing á „mapping table“ eða „matching table“. Gagnakortlagning er þegar einni eigind eða skráningarþætti gagnaskipulags A (e. Schema) er fundin samsvarandi eigind eða skráningarþáttur í gagnaskipulagi B, auk reglna sem þarf að hlíta við vörpun milli gagnaskipulaga.

Gagnakortlagningatöflurnar eru mikilvæg stoðgögn við vörpun hinna eiginlegu gagna milli gagnaskipulaga þar sem sérfræðingar nýta þær við að færa reglur inn í þar til gerð forrit (t.d. HALE) eða til að hanna XML skrár sem sinna vörpun gagnanna.

Þegar verið er að vinna með einhvern gagnaflokk, t.d. vatnafar, með grunngögn af ólíkum uppruna eða gerð fyrir mismunandi tilgang er sjaldan sama gagnaskipulag (e. Schema) þó svo í mörgum tilvikum sé verið að skrá svipaðar upplýsingar. Mismunur getur verið á hvort tölur séu skráðar sem heilar tölur eða brotatölur, jafnvel prósentur eða framsetningu dagsetninga. Þá eru oft ólík flokkunarkerfi notuð milli gagnaeigenda. Til að gera gagnakortlagningu þarf að hafa góða þekkingu á báðum gagnaskipulögum sem um ræðir. Þar sem INSPIRE gagnaskipulagið er fyrir flestum mikið torf hefur JRC útbúið ítarlegar gagnakortlagningatöflur fyrir hvert þema og má nálgast þær allar á tenglinum neðan við málsgreinina. Athugið að til eru tvær útgáfur af gagnalíkönunum og þar af leiðandi gagnakortlagningatöflum. Annars vegar þau sem lúta aðeins að innleiðingarreglum og hins vegar þau sem hafa verið útvíkkuð vegna sérþarfa eða verkefna fyrir þá sem það þurfa. Skoða skyldi hvert gagnasafn fyrir sig áður en viðeigandi gagnalíkan INSPIRE er valið.

Gagnakortlagningatöflur eru undir „Mapping tables“  
[inspire.ec.europa.eu/index.cfm/pageid/2/list/datamodels](http://inspire.ec.europa.eu/index.cfm/pageid/2/list/datamodels)

### 4.5.1 TÖFLUR GAGNAKORTLAGNINGAR

Allar gagnakortlagningatöflur unnar í þessu verkefni má finna í málaskrá Umhverfis- og auðlindaráðuneytis undir málsnúmeri UMH14010077 og í málaskrá Landmælinga Íslands undir málsnúmeri V201411003.

Gagnakortlagningatöflu þemans Örnefni má finna í viðauka A



## 5 NIÐURSTÖÐUR

---

### 5.1 NÚVERANDI STAÐA

---

Landmælingar Íslands hafa þegar mótttekið gögn frá Veðurstofunni og Orkustofnun. Þau gögn bíða þess nú að vera sett inn í örnefnagrunn LMÍ. Það er ekki einfalt verk þar sem sum örnefnin eru þegar til og því þarf að ganga úr skugga um að örnefnin verði ekki tvískráð í grunninum. Hafrannsóknarstofnun vinnur nú að því að koma staðsetningu á þau örnefni sem ekki hafa skráða beina staðsetningu en aðeins vísun í reitanúmer. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum heldur áfram sinni vinnu við skráningu örnefnanna í sína skrá og afhendir þegar það klárast. Landmælingar Íslands eru sífellt að endurskoða uppsetningu gagnagrunnsins til að mæta notkun og þörfum nútímans.

### 5.2 NÆSTU SKREF

---

Landmælingar Íslands munu fylgja því eftir að örnefnasöfn Hafrannsóknarstofnunar og Þjóðgarðsins á Þingvöllum skili sér og vinna sjálf við að koma þeim örnefnum sem þegar hafa borist inn í grunninn.

Örnefnagrunnur LMÍ fellur ekki alveg að kröfum og tillögum INSPIRE þemans. Stofnun ákvað á fundi 13. Nóvember 2014 að þróun hans skuli stefnt í átt að INSPIRE.

### 5.3 AFURÐ

---

Strax á fyrsta fundi var samstaða allra stofnana að koma skyldi örnefnum til LMÍ. Örnefnagrunnur LMÍ hefur því vaxið til muna út frá þessum vinnuhóp auk þess sem Landhelgisgæsla Íslands hefur komið sínum örnefnum til LMÍ þó í tengslum við annað verkefni. Afurð þessa vinnuhóps hlýtur því að teljast til mikilvægra menningarverðmæta; að hafa öll þessi örnefni aðgengileg á einum stað.



## 6 UMRÆÐA

---

Það er að mati höfundar góð niðurstaða fyrir þetta þema að aðeins ein stofnun sjái opinberlega um að safna og geyma örnefni. Svo mikil vinna liggur að baki örnefnasöfnun að ekki væri forsvaranlegt að hafa slíkt verkefni á fleiri en einum stað. Sú vinna margfaldast ef nota á tvo eða fleiri örnefnagrunna saman því þessi gögn eru erfið í landfræðilegri greiningu vegna eðlis þeirra að hafa óljósa staðsetningu og oft eru þau með mismunandi stafsetningu. Því er öll samræmingarvinna gríðarlega mikil handavinna.

Nefnt er í leiðarvísinum að æskilegast sé að geyma nöfn fyrirbæra sem túlkuð eru í fitjuskrám eins og vatnafar, byggingar eða vegir með þeim gögnum en ekki í sérstakri örnefnaskrá, en skrá nöfnin eins og í örnefnaþemanu svo hægt sé að kalla á þau gögn á einfaldan máta. Þetta viðhaldur heilindum örnefnanna í tengslum við þau fyrirbæri sem þau tákna. Þetta þarf að athuga í tengslum við örnefnagrunn LMÍ og önnur gagnasöfn opinberra aðila, en víst er að sé þessu breytt úr núverandi ástandi, þar sem öll örnefni eru geymd í einum grunni, þarf að tryggja það að nöfnum sé viðhaldið og þau skráð hjá viðkomandi stofnum á fullnægjandi hátt.

Leiðarvísirinn þessa þema opnar nýjar dyr fyrir örnefnagrunn LMÍ. Notkunarmöguleikar og útfærslur sem áður voru ókannaðar liggja fyrir og er það nú í höndum sérfræðinga stofnunarinnar að tileinka sér það sem örnefnagrunninum og tilgangi hans er fyrir bestu. Þemað er hannað með fjöltyngi og ólíka menningarheima í huga og tekur til margra þátta sem eiga ekki endilega við í okkar samfélagi í dag. Með opnum og aðgengilegum gögnum breytist þessi veruleiki eitthvað. Erlendar gagna- og kortaveitur geta nýtt sér þennan möguleika t.d. með erlendri stafsetningu Íslenskra örnefna. Erlend verkefni sem Ísland tekur þátt í gætu notið góðs af því að hafa erlenda stafsetningu svo aðrir en Íslendingar geti lesið örnefnin sem birtast á kortum eða vefsíðum. Sem dæmi um slík verkefni eru Arctic SDI og BarentsWatch sem nota vefsíðar til að birta fjölþjóðleg gögn, m.a. örnefni.



## 7 AÐGERÐARPUNKTAR

---

- LMÍ fylgi eftir gagnaskilum Þjóðgarðsins á Þingvöllum
- LMÍ fylgi eftir þróun örnefnagrunnsins í átt að gagnaskema INSPIRE þema 1.3 Örnefni



## 8 VIÐAUKAR

### VIÐAUKI A: GAGNAKORTLAGNINGAR STOFNANA

Eigind	Orkustofnun	Veðurstofa Íslands	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Hafrannsóknarstofnun	Landmælingar Íslands
<b>Skráarnafn &gt;</b>	Place_names_v10	eydibyli og ornefni_5	ornefni	orri.ornefni	is50v_ornefni_flakar (*_linur/*_punktar)
<b>beginLifespanVersion</b>	x	x	dags_inn	x	dagsInnsetingar
<b>endLifespanVersion</b>	x	x	x	x	dagsEytt
<b>inspireId</b>	x	x	x	nr	nameld
<b>leastDetailedViewingResolution</b>	x	x	x	x	Kvardi
<b>mostDetailedViewingResolution</b>	x	x	x	x	x
<b>localType</b>	x	symbol	TSYMBOL	x	nafnberi
<b>relatedSpatialObject</b>	x	x	x	x	x
<b>type</b>	x	symbol	TSYMBOL	x	nafnberi
<b>language</b>	Íslenska / enska	x	x	x	x
<b>nativeness</b>	x	x	x	x	x
<b>nameStatus</b>	TegundNafn / TegNafEns	x	x	x	tvinefni
<b>sourceOfName</b>	Skyringarl / Skyringar	x	heimild	spjöld	heimild
<b>grammaticalGender</b>	x	x	x	x	x
<b>grammaticalNumber</b>	x	x	x	x	x
<b>text</b>	NafnISL / NafnENS	TextString	nafn	nafn	Nafn
<b>script</b>	x	x	x	x	x
<b>transliterationScheme</b>	x	x	x	x	x
<b>pronunciationSoundLink</b>	x	x	x	x	x
<b>pronunciationIPA</b>	x	x	x	x	x

Stofnanir merkja við í sínum dálk hvað eigindin heitir í þeirra gagnasafni sem samsvarar eigindinni í gagnaskema INSPIRE þemans.

